

---

## Urðunarstaðurinn Stekkjarvík - Aukin urðun

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 29. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Norðurár bs. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar aukinnar urðunar í Stekkjarvík, Blönduósbæ, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Blönduósbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Urðunarstaðurinn Stekkjarvík – aukin urðun. Tillaga að matsáætlun. EFLA, mars 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Blönduósbæ með bréfi dags. 26. apríl 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 23. maí 2019
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvubréfi dags. 2. maí 2019
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 16. apríl 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. maí 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 3. júní 2019.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Aukið urðunarmagn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdin felist í aukningu á árlegu magni úrgangs sem urðaður verði á svæðinu úr 21.000 tonnum í 30.000 tonn á ári en heildarmagn á rekstartíma svæðisins verði óbreytt frá fyrra mati á umhverfisáhrifum frá árinu 2011 eða hámarki 630.000 tonn sem náð verði árið 2038.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um fyrirhugaða breytingu á árlegu magni til urðunar og samræmi þess við að heildarmagn fari ekki yfir 630.000 tonn ekki skýra.

Framkvæmdaraðili bendir á að í lagaákvæði um matsskyldu sé miðað við magn urðunar á ári en ekki heildarmagn urðunar og í fyrri matsskýrslu hafi verið fjallað um urðun á 21.000 tonni á ári í 30 ár sem gefi heildarmagn urðunar 630.000 tonn. Framkvæmdaraðili telji brýnt að heildarumfangi urðunar á svæðinu verði ekki breytt og því verði heildaráhrif framkvæmdarinnar að mörgu leyti þau sömu og áætlað var áður.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert sé magn urðaðs úrgangs á svæðinu við núverandi aðstæður og hvernig fyrirhugað sé að haga frekari urðun m.t.t. þess að heildarmagn úrgangs fari ekki yfir 630.000 tonn í lok rekstrartímans og hvenær áætlað sé að því marki verði náð.

### Mat á umhverfisáhrifum

Í tillögu að matsáætlun segir: „*Mat verður lagt á eftirfarandi þætti: Landslag og sjónræn áhrif; loft og hætta – gasmyndun; loft – lyktarmál; vatn og jarðvegur, þ.m.t. sigvatn; hljóðvist; hreinlæti – fok úrgangs og annarra efna; hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr; samfélag og umferð....Í fyrri matsskýrslu var auk þess fjallað um fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun á svæðinu, útivist, ferðamennsku, samgöngur eða svæði á náttúruminjasrá eða í náttúruverndaráætlun. Ekki er talið að áhrif aukinnar urðunar hafi viðbótaráhrif á þessa umhverfisþætti umfram það sem orðið er með núverandi rekstri urðunarstaðarins. Því verður ekki fjallað um þá í nýrri frummatsskýrslu.*

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé nægileg skýrt hvaða þættir verða metnir í nýju umhverfismati, í hvaða tilfellum verði stuðst við niðurstöður eldra mats og rökstyðja þurfi að það sé fullnægjandi.

Framkvæmdaraðili bendir á að í matsáætluninni komi fram hvaða umhverfisþættir verði metnir frekar og hvaða umhverfisþætti ekki verði lagt mat á, þar sem aukin urðun muni ekki hafa áhrif á þá umfram það sem núverandi rekstur hafi þegar haft.

Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif starfseminnar á þá umhverfisþætti sem framkvæmdaraðili tiltekur hér að framan. Í matinu þarf að koma fram hvaða áhrif núverandi rekstur urðunarstaðarins hefur haft á framangreinda þætti svo og og skýr rökstuðningur fyrir hvers vegna ekki er gert ráð fyrir að leggja mat á þá þætti sem ekki eru taldir verða fyrir áhrifum.

### Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lagt verði mat á tvo kosti það er að auka árlega urðun um allt að 9.000 tonn eða í allt að 30.000 tonn á ári og núllkost, það er að urðun á svæðinu haldist undir 21.000 tonnum á ári. Hámarks urðun á svæðinu verði 630.000 tonn.

Umhverfisstofnun telur að valkostur sé að auka árlega urðun um minna en 9.000 tonn, eins og gert sé ráð fyrir, þar sem minnka skal urðun úrgangs á komandi árum skv. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 úrgangsstjórnun til framtíðar.

Framkvæmdaraðili telur að aðrir valkostir en að geta urðað allt að 30.000 tonn á ári muni ekki uppfylla markmið framkvæmdarinnar um að taka við úrgangi frá stærra svæði en gert hefur verið undanfarið. Þar sem einnig verði ófyrirsjáanlegar sveiflur í úrgangsmýndun sé ráðlagt að heimildir til móttöku úrgangs gefi sveigjanleika. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir spá um úrgangsmýndun fram til 2038, sem m.a. taki mið af Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að fjalla um sviðsmyndir sem geri ráð fyrir minni urðun og meiri þjónustu tengdri endurvinnslu úrgangs á svæðinu í samstarfi við sveitarfélög á Norðurlandi. Þetta sé áhersla sem gildi fyrir alla urðunarstaði landsins. Bent sé á forgangsröðun í reglugerð um meðhöndlun úrgangs þar sem forgangsröðunin sé að draga úr myndun úrgangs, endurnota, endurnýta og í þriðja og síðasta lagi endanleg förgun líkt og urðun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um úrgangsmýndun á svæði því sem urðunarsvæðið á að þjóna fram til 2038 og hvernig framkvæmdin samræmist markmiðum landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Enn fremur ber að gera grein fyrir samráði sveitarfélaga sem nýta urðunarstaðinn um hvernig áformað sé að draga úr myndun úrgangs og urðun en auka endurnot og endurnýtingu.



## Vatnsgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að mat verði lagt á hugsanleg viðbótaráhrif á vatn og jarðveg vegna aukinnar urðunar. Stuðst verði við fyrra mat og niðurstöður vöktunar og reksturs undanfarinna ára, einkum hvað varði magn og efnasamsetningu sigvatns, stöðu og efnasamsetningu grunnvatns og yfirborðsvatns. Einnig verður gert grein fyrir botnþéttingu og mengunarefnum í sjávarseti.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um hvernig rekstraraðli muni uppfylla kröfur í III. viðauka reglugerðar um urðun úrgangs og hvernig ætlunin sé að uppfylla skilyrði um verndun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns skv. I. viðauka reglugerðarinnar. Gera þurfi grein fyrir niðurstöðum mælinga á mengunarefnum frá urðunarstaðnum og virkni hreinsibúnaðar. Þá þurfi einnig að skýra frá nýjum og bættum aðferðum við mengunarmælingar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra telur æskilegt að gerð verði samantekt á niðurstöðum vöktunarmælinga frá upphafi reksturs og að vöktunaráætlun verði endurskoðuð í samræmi við þá samantekt.

Framkvæmdaraðili telur að starfsemin og gildandi starfsleyfi sé í samræmi við reglugerð um urðun úrgangs og í frummatsskýrslu verði fjallað um áframhaldandi vöktun í samræmi við það. Feli það m.a. í sér umfjöllun um grunnástand svæðisins, vöktun frá upphafi og þá vöktun sem á sér stað í dag og úrbætur ef þeirra sé þörf.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að miklir veiðihagsmunir séu í Blöndu en hún sé nokkuð frá urðunarsvæðinu. Ekki sé útilokað að urðunin geti haft áhrif á göngur laxfiska á svæðinu og því sé mikilvægt að meta áhrif aukinnar urðunar á vatn og jarðveg, eins og gert sé ráð fyrir í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig rekstraraðli hyggst uppfylla kröfur í III. viðauka reglugerðar um urðun úrgangs og skilyrði um verndun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns skv. I. viðauka reglugerðarinnar. Gera þarf grein fyrir staðsetningu mælistaða og niðurstöðum mælinga á mengunarefnum í sigvatni frá urðunarstaðnum, virkni hreinsibúnaðar og fyrirhuguðum nýjum og bættum aðferðum við mengunarmælingar.

## Fuglar og meindýr

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði stuðst við niðurstöður úr fyrri skýrslu og niðurstöður vöktunar undanfarinna ára sem og reynslu rekstraraðila hvað varðar fugla og meindýr, sem sækja í urðunarstaðinn, við mat á áhrifum aukinnar urðunar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er bent á að borist hafi kvörtun um að flugur hafi borist frá urðunarsvæðinu í Stekkjarvík og sé óskað eftir að fjallað verði um það í frummatsskýrslu.

Framkvæmdaraðili tekur fram að umfjöllun um flugur verði í kaflanum „hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr“ í frummatsskýrslu.

## Skipulag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að sorpförgunarsvæði í Stekkjarvík sé í samræmi við Aðalskipulag Blönduósbæjar og í deiliskipulagi urðunarstaðarins er gert ráð fyrir urðun á allt að 21.000 tonnum árlega.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að breyta þurfi deiliskipulagi svo umfang starfseminnar og stærð framkvæmdarsvæðis verði í samræmi við það.

Framkvæmdaraðili segir í svari sínu að samhliða mati á umhverfisáhrifum verði unnið að breytingum á deiliskipulagi.



## Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Norðurár bs. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert magn urðaðs úrgangs á svæðinu er við núverandi aðstæður og hvernig fyrirhugað er að haga frekari urðun m.t.t. þess að heildarmagn úrgangs fari ekki yfir 630.000 tonn í lok rekstartímans og hvenær áætlað er að því marki verði náð.
2. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif starfseminnar á þá umhverfisþætti sem framkvæmdaraðili tiltekur. Í matinu þarf að koma fram hvaða áhrif núverandi rekstur urðunarstaðarins hefur haft á framangreinda þætti svo og rökstuðningur fyrir hvers vegna ekki er gert ráð fyrir að leggja mat á þá þætti sem ekki eru taldir verða fyrir áhrifum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um úrgangsmyndun á svæði því sem urðunarsvæðið á að þjóna fram til 2038 og hvernig framkvæmdin samræmist markmiðum landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Enn fremur ber að gera grein fyrir samráði sveitarfélaga sem nýta urðunarstaðinn um hvernig áformað er að draga úr myndun úrgangs og urðun en auka endurnot og endurnýtingu.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla kröfur í III. viðauka reglugerðar um urðun úrgangs og skilyrði um verndun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns skv. I. viðauka reglugerðarinnar. Gera þarf grein fyrir staðsetningu mælistaða og niðurstöðum mælinga á mengunarefnum í sigvatni frá urðunarstaðnum, virkni hreinsibúnaðar og fyrirhuguðum nýjum og bættum aðferðum við mengunarmælingar.
5. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 15. júlí 2019.

Reykjavík, 13. júní 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson